

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1976.

Eignir :

| | | |
|---|-----|---------------|
| 1. Innstæða á hlr. í Seðlabanka Íslands | kr. | 5 054 402.00 |
| 2. Skuldabréfaeign | — | 61 097 085.00 |
| 3. Óhafið ríkissjóðsframlag | — | 6 500 000.00 |
| | | <hr/> |
| | kr. | 72 651 487.00 |

Skuldir :

| | | |
|------------------------------------|-----|---------------|
| 1. Höfuðstóll: | | |
| 1. Hrein eign 1. janúar 1976 | kr. | 58 409 088.50 |
| 2. Hagnaður 1976 | | 14 236 398.50 |
| | | <hr/> |
| | kr. | 72 645 487.00 |
| 2. Viðskiptamenn | — | 6 000.00 |
| | | <hr/> |
| | kr. | 72 651 487.00 |

Reykjavík, 15. febrúar 1977.

LÁNASJÓÐUR SVEITARFÉLAGA

Magnús E. Guðjónsson.

12. júlí 1977.

Nr. 294.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir sjóð til fræðslu um áfengisvandamál, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 12. júlí 1977.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjóð til fræðslu um áfengisvandamál.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sjóður til fræðslu um áfengisvandamál. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnendur sjóðsins eru félagar í Freeportklúbbum. Stofnfé er kr. 100 000.00.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að bjóða til fyrirlestrahalda sérfræðingum um áfengismál og styrkja menn til náms á því sviði, gegn því að þeir miðli þekkingu sinni hérlandis að námi loknu.

4. gr.

Á aðalfundi Freeportklúbbsins ár hvert skal kjósa þrjá menn í stjórn sjóðsins. Endurskoðandi skal vera löggiltur.

5. gr.

Tekjur sjóðsins eru gjafir og áheiti auk vaxta.

Heimilt er að ráðstafa tekjum sjóðsins samkvæmt skipulagsskrá þessari, en stofnfé má ekki hreyfa.

Reikningsár telst almanaksár.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.